


Fréttatilkynning

IKEA innkallar takmarkaðan fjölda ofngrinda



IKEA biður vinsamlega þá viðskiptavini sem eiga NUTID eða FRAMTID ofn með framleiðsludagsetningu 1134-1150(ár/vika) að hafa samband við Rafbraut í síma 585 2400 til að fá nýja ofngrind þeim að kostnaðarlausu.

Ofngrindin sem fylgdi með er ekki nógu breið og getur dottið niður við notkun og valdið brunaslysum. IKEA hefur ekki fengið tilkynningar um slys vegna þessa en ákveðið hefur verið að innkalla ofngrindurnar til öryggis þar sem öryggið er alltaf í forgangi hjá IKEA. Ofnskúffurnar passa í ofninn og eru ekki innkallaðar.

Innköllunin nær aðeins til ofna með framleiðsludagsetningu 1134-1150(ár/vika) og ákveðin vörunúmer. Framleiðsludagsetningu og vörunúmer má sjá á miða framarlega innan í ofninum þegar hurðin er opnuð.

